

Stofnskrá

fyrir Errósetur á Kirkjubæjarklaustri

1. gr.

Nafn félagsins er Errósetur.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er á Kirkjubæjarklaustri í sveitarfélaginu Skaftárhreppi.

3. gr.

Hlutverk og markmið félagsins er:

- a) að afla fjár til að koma á fót og reka lista- og menningarmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri þar sem líf og list listamannsins Erró verði miðpunktur starfseminnar.
- b) að koma tengslum Errós við bernskustöðvar hans á Kirkjubæjarklaustri á framfæri með listsýningum og annari miðlun.
- c) að efla starfsemi sem tengist listum með áherslu á menningu, sögu og náttúru svæðisins.
- d) að hafa samstarf við Listasafn Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands og aðra aðila sem tengjast listum innan lands sem utan.
- e) að styðja við listsköpun ungra listamanna og kynna þeim sögu og list Errós.

4. gr

Aðild að félaginu er opin öllum einstaklingum, fyrirtækjum, félögum og stofnunum sem vilja vinna að hlutverki og markmiðum félagsins enda greiði þeir árgjald sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Stofnfélagar teljast þeir sem skrá þátttöku og greiða stofnframlag kr. 10.000 (tíu þúsund) fyrir 19. júlí 2012.

Heimilt er að leggja fram stuðning og styrki til félagsins í öðru formi en peningum og skal þess þá sérstaklega getið.

5.gr

Stjórn félagsins skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum árlega að loknum aðalfundi. Auk þess skulu kosnir tveir stjórnarmenn til vara og eiga þeir rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Skoðunarmenn reikninga skulu vera tveir og kosnir til eins árs í senn.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir 1. maí ár hvert. Aðalfundur telst lögmætur ef til hans er boðað bréflega eða með tölvupósti og með opinberri auglýsingu, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Allir félagar sem eru skuldlausir við félagið hafa kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi. Hverri kennitölu fylgir eitt atkvæði á aðalfundi.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Setning aðalfundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um árleg félagsgjöld
6. Lagabreytingar.
7. Stjórnarkjör skv. 5. grein stofnskrár félagsins.
8. Kosning skoðunarmanna skv. 5. grein.
9. Önnur mál.

Lagabreytingatillögur skulu berast stjórn skriflega eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Skulu þær birtast strax á vefsíðu félagsins og liggja frammi á fundinum. Til að lagabreytingar nái fram að ganga þurfa þær að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

7. gr

Æðsta vald félagsins er í höndum lögmæts aðalfundar. Stjórn annast málefni félagsins milli aðalfunda og gerir grein fyrir málum á félagsfundum. Formaður boðar til félagsfundar ef hann eða aðrir stjórnarmenn óska eftir. Dagskrár skal getið í fundarboði.

8. gr

Verði félagið Errósetur á Kirkjubæjarklaustri lagt niður renni eignir þess til sambærilegrar starfsemi í Skaftárhreppi, í samræmi við tilmæli þess aðalfundar sem ákveður að leggja niður félagið.

Samþykkt á stofnfundi Erróseturs, haldinn í Reykjavík 2. mars 2012 .